

skipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en þær 78 skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en 26. maí verði ágreiningur út af skiptingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, sem einnig skal kveða á um fjallskil og afrettir.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari aðgjörða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engi breyting gjörð á hinum forna Holtshreppi sem dómpinghá nje manntalspinghá.

79

Reglugjörð

fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu um lækning á hundum.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu hreppsbúar á vorþingi kjósa 1—3 menn til þess að annast um lækning á hundum af bandormum; getur enginn, er öðrum er óháður, skorast undan þeim starfa í 6 ár í senn. Ef fleiri eru kosnir en einn, skal hreppstjóri skipta hreppnum milli þeirra.

2. gr.

Lækning allra hunda í sýslunni, sem missirigamlir eru, og þaðan af eldri, fer fram tvisvar á ári, í maí- og nóvembermánuði á heimilum lækningarmanna; þó mega lækningarmennirnir lækna hundana á heimilum eigenda, ef hlutadeigandi lækningarmaður álitur það haganlegra. Hvern dag þessara mánaða lækningin fer fram í hverjum hreppi, ákveða lækningarmenn, og tilkynna hlutadeigendum með viku fyrirvara. Skyld er eigendum hundanna að flytja þá á lækningastaðinn, og vera við lækninguna, ef lækningarmenn óska þess.

3. gr.

Hundarnir skulu sveltir í 12 tíma á undan lækningunni, í heilan sólarhring meðan á lækningunni stendur; skulu þeir því næst lokaðir inni í úthýsi, sem hvorki sje fjárhús, nje hey-hlaða. Hverjum hundi skulu gefin tvisvar með 12 tíma millibili 4—8 grömm af arekadupti í graut eða mjólk, og fer skamturinn eptir stærð hundsins. Opt fær hundurinn klýju fyrsta $\frac{1}{2}$ tímann eptir inngjöfna, og verður að koma í veg fyrir, að þeir selji upp, með því að hafa af fyrir þeim, láta vel að þeim, eða að öðrum kosti gjöra þá sneypa. Þegar $\frac{1}{2}$ —3 klukkustundir eru liðnar frá inngjöfnni, ganga ormarnir niður af hundunum; 12 tímum eptir seinni inngjöfna skulu hundarnir teknir og baðaðir í fjárbaði. Er þá lækningunni lokið og hundinum sleppt. Lækningahúsið skal vandlega hreinsað, allur saur úr hundunum annaðhvort brenndur, eða grafið 2 álnir í jörðu niður.

4. gr.

Verði vart við bandorma í hundunum milli lækningatíma, skulu þeir færðir lækningamanni, og er hann skyldur að lækna þá tafarlaust.

5. gr.

Alla hunda skal einkenna annaðhvort með fjármarki eigenda eða helsi, er á sje letrað heimilisnafnið. Ómerktir hundar, sem enginn finnst eigandi að innan hálfsmánaðar, skulu þegar drepnir.

6. gr.

Lækningarmenn skulu hafa bók, löggilta af sýslumanni; skulu þeir á hverju ári rita í hana skrá yfir hundaeigendur í hreppnum, og hunda þá, er þeir hafa haft til lækninga frá hverjum einum.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skulu þeir senda hreppstjóra skýrslu, en hann sendir sýslumanni fyrir árslok, sem svo leggur hana fyrir sýslufund.

7. gr.

Hreppstjóri annast útvegum meðala, og sjer um, að ávallt sjeu nægar byrgðir af þeim. Fyrir hverja einstaka lækningu á hundi skal greiða lækningarmönnum 50 aura, sem ásamt öðrum kostnaði við hundalækninguna greiðist úr sýslusjóði eptir reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar.

8. gr.

Lækningamenn skulu hafa gætur á því, að fyrirmælum í 5. grein í lögum nr. 18, 22. maí 1890 sje stranglega fylgt; sömuleiðis skulu þeir áminna menn um það, að umgangast hunda mjög varlega, svo þeir náí ekki í matar- eða vatnsílát o. s. frv.

Hundum skal aldrei líða að vera í baðstofu, búri eða eldhúsi. Þess skal og gætt, að börn leiki sjer ekki við þá. Skal á hverju heimili vera sjerstakt skýli eða afvikinn staður, er hundar sjeu hafðir.

9. gr.

2—10 króna sektum varðar það: 1, ef lækningarmenn vanrækja skyldu sína, 2, ef hundum er skotið undan, eða lækningarmönnum sýndur móttþrói eða óhlýðni, 3, ef brotin eru fyrirmæli 8. greinar. Sektirnar renna í sýslusjóð.

10. gr.

Reglugjörð um lækningu á hundum fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu, 26. maí 1892, er þjer með úr gildi numin.

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu á aðalfundi hennar hinn 21.—24. apríl 1897.

Skrifstofu Kjósar- og Gullbringusýslu 17. maí 1897.

Franz Simsen.